

Fundargerð háskólaráðs
377. fundur fimmtudaginn 24. nóvember 2016
Fundarherbergi 262, Borgir

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:36.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Guðmundur Kr. Óskarsson, varafulltrúi háskólasamfélagsins
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Forföll boðuðu:

Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra
Elvar Jónsson, varafulltrúi menntamálaráðherra
Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs
Hermína Gunnþórsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson, varafulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Ragnar Stefánsson, formaður stjórnar rannsóknasjóðs HA

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 376. fundar

1610006

Fundargerð borin upp og samþykkt án athugasemda.

2. Rekstraryfirlit janúar til október

1611034

ÚH fór yfir rekstraryfirlit janúar til október. Reksturinn í heild sinni er um það bil á áætlun en enn er gert ráð fyrir að í lok árs fari reksturinn eitthvað fram úr áætlun, eins og áður hefur verið rætt.

- **Rekstraráætlun 2017 – rekstraráætlun 2017-2019**

Rektor fór yfir þann rekstrarkostnað sem gera má ráð fyrir að bætist við á næstu þremur árum vegna t.d. aukins námsframboðs (ípróttufræði og lögreglufræði), viðhald tæknibúnaðar vegna sveigjanlegrar kennslu, jafnréttisáætlun, rannsóknarstofur, samgöngusamningur o.fl. Þetta er fyrir utan fastan kostnað sem erfitt er að draga úr án þess að draga úr þjónustu, námsframboði eða fækka nemendum. Allir þessir þættir þýða að það fjármagn sem vantar inn í skólann næstu þrjú árin er á bilinu 7 til 9% á ári.

Háskólaráð HA samþykkir tillögur að fyrstu drögum að rekstraáætlun til næstu þriggja ára og það aukafjármagn sem skólanum er nauðsynlegt til að uppfylla kröfur næstu ára og gefur stjórnendum skólans heimild til að semja við stjórnvöld í samræmi við fyrirlögð gögn.

3. Yfirlýsing háskólaráðs HA vegna fjármögnunar skólans 2017-2019

1611028

Háskólaráð samþykkir eftirfarandi yfirlýsingu vegna fjármögnunar skólans næstu þrjú árin:

Háskólinn á Akureyri verður að fá 300 milljón króna aukningu að raunvirði til að unnt sé að tryggja óskerta þjónustu við alla landsmenn og að viðhalda núverandi námsframboði.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir aukningu á fjárveitingum til háskóla landsins næstu 5 árin. Framboð á námi og þjónustu háskóla landsins er því í verulegri hættu vegna fjárskorts. Í áttakinu *Háskólar í hættu* hefur verið bent á þetta og rektorar allra háskóla hafa hvatt til að málefnið verði í forgangi hjá næstu ríkisstjórn. Það vantar verulega uppá að háskólar á Íslandi nái meðalframlagi á hvern nemenda í samanburði við meðaltal OECD landanna. Íslensku háskólarnir standa líka höllum fæti í samanburði við háskóla á Norðurlöndunum, þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við.

Við gerð rekstraráætlunar fyrir Háskólann á Akureyri (fyrir árin 2017-2019) kemur þessi vandi berlega í ljós. Ljóst er að fáist ekki leiðrétting frá stjórnvöldum á fjárframlögum til háskólans getur hann ekki boðið uppá sama námsframboð og sömu þjónustu og hann hefur gert þrjá síðustu áratugi.

Fjárframlög verða að færast nær því sem gerist á Norðurlöndunum ef Háskólinn á Akureyri á að geta boðið uppá alþjóðlegt samkeppnishæft námsumhverfi. Framlög til Háskólans á Akureyri þurfa að hækka að raunvirði um 300 milljón króna á ári miðað við það sem nú er. Með þeirri aukningu væri hægt að ná jafnvægi í rekstri skólans og bjóða nemendum sambærilega þjónustu og gerist í samanburðarlöndum okkar.

Háskólinn á Akureyri verður 30 ára á næsta ári. Hann hefur verið í farabroddi hvað varðar aðgengi að námi með því að þróa og bjóða allt sitt nám í sveigjanlegu formi. Þannig hefur verið mögulegt að þjóna landinu öllu og styrkja fagstéttir kennara og hjúkrunarfræðinga um allt land ásamt því að mennta fólk til starfa í sjávarútvegi, iðjuþjálfun, félagsvísindum, viðskiptafræði og lögfræði – svo dæmi séu tekin. Alls hafa hátt í 4000 manns útskrifast frá Háskólanum á Akureyri

og 75% þeirra hafa búið og starfað utan höfuðborgarsvæðisins á námstímanum. Þetta hefur hækkað menntunarstig á landsbyggðinni en um 80% nemenda starfa í sinni heimabyggð 5 árum eftir útskrift. Það væri köld gusa framan í íslensku þjóðina ef að háskólinn þyrfti að draga úr þjónustu og námsframboði á 30 ára afmælisári hans. Íslenskt samfélag þarfnast þess meira en nokkru sinni fyrr að geta boðið ungu háskólamenntuðu fólki störf í samkeppnishæfu umhverfi um allt land.

Háskólaráð Háskólans á Akureyri skorar á stjórnvöld og næstu ríkisstjórn að gera það að forgangsverkefni að tryggja háskólum landsins nægt rekstrarfé til framtíðar. Jafnframt þarf að tryggja að fjármögnun háskólanna verði í samræmi við stefnu *Vísinda- og tækniráðs* um jöfn framlög á við hvern nemanda á Norðurlöndunum.

4. Skýrsla nefndar um fagháskólanám

1611038

Rektor kynnti málið og sagði frá lokaniðurstöðu og skýrslu verkefnisstjórnar menntamálaráðuneytis um fagháskólanám.

HA hefur þegar hafið samræðu við framhaldsskólana á svæðinu um samstarf þessu tengt og starfshópar hafa hafið vinnu við framhaldið.

5. Inntaka nemenda um áramót

1611028

Eingöngu tekið við umsóknum um nám frá áramótum frá nemendum sem áður hafa stundað nám við skólann eða sem sækja um í framhaldsnám, sem er sama fyrirkomulag og á síðasta ári.

6. Nemendafjöldi á haustmisseri

1611028

Rektor fór yfir tölur yfir nemendafjölda á haustmisseri og þróun í fjölda nemenda við skólann s.l. ár. Heildarfjöldi nemenda á haustönn 2016 er 1951 og hefur fjölgað töluvert undanfarin ár. Hlutfall fjarnema er yfir 60% en þar er mikilvægt að ítreka að í dag er allt nám við HA skilgreint sem sveigjanlegt nám sem mögulegt er að stunda hvaðan sem er á landinu.

7. Breyting á reglum um rannsóknasjóð

1611036

Ragnar Stefánsson, formaður stjórnar rannsóknasjóðs HA kom inn á fundinn til að fara yfir tillögur stjórnarinnar að breytingum á reglum sjóðsins í ljósi þeirra undirsjóða sem háskólaráð fól stjórninni að hafa umsjón með, til viðbótar við rannsóknasjóðinn.

Lagt er til að yfirheiti sjóðanna verði Vísindasjóður Háskólans á Akureyri, sem hefur umsjón með fjórum undirsjóðum; Rannsóknasjóði, Ferðasjóði, Starfsskyldusjóði og Útgáfusjóði.

Lagt er til að fjölga í stjórn sjóðsins úr fimm í sex, þannig að við bætist fulltrúi starfsmanna úr stjórnarsýslu skólans.

Að öðru leyti er ekki um að ræða veigamiklar breytingar á þeim reglum sem fyrir voru.

Háskólaráð samþykkir fyrirlagðar breytingar á reglunum og breytingu á heiti sjóðsins.

8. Doktorsnámsúmsókn

1302059

Rektor sagði frá stöðu málsins. Búið er að skipa úttektarnefnd sem mun gera úttekt á skólanum vegna þeirra fimm sviða sem skólinn óskar eftir doktorsnámi vegna. Úttektarnefndin mun heimsækja skólann fyrstu vikuna í febrúar og eru kjarnahópar þegar farnir að vinna á hverju sviði að undirbúningi fyrir úttektina undir forystu formanns Vísindaráðs og gæðastjóra.

9. Stefnumótun

Stefnumótun hefur verið í biðstöðu en er núna að fara í gang aftur og gert ráð fyrir að ljúka þeirri vinnu á vorönn 2017.

10. Starfsmannamál

- Ráðning forseta viðskipta- og raunvísindasviðs er enn í ferli. Stefnt að því að ákvörðun liggja fyrir í desember.
- Gengið hefur verið frá ráðningu lektors í lögreglufræði sem hefur störf í janúar.

11. Önnur mál

- **Breyting á fundartíma í desember**
Desemberfundur verður 22. desember í stað 15. desember.
- **Háskólafundur 15. desember**
Vakin er athygli á því að háskólaráðsfulltrúar eiga seturétt á Háskólafundi, en ekki atkvæðisrétt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55.